

Nr. 17-155 S 116 Sindri VE 60**Strandar við Vestmannaeyjar**

Skipaskr.nr. 1274
Útgerð: Vinnslustöðin hf.
Smíðaður: Japan, 1972, stál
Stærð: 582,96 brl. 849,03 bt.
Mesta lengd: 57,89 m Skráð lengd: 53,68 m
Breidd: 9,50 m Dýpt: 6,50 m
Vél: Niigata, 1691 kw, 1988
Fjöldi skipverja: 15



Sindri © Óskar Friðriksson

Gögn:

Lögregluskýrsla
Gögn RNSA

Lokaskýrsla afgreidd á fundi 12. mars 2018 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrassyni, Pálma K Jónssyni og Hirti Emilssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í dómsmáli.

Atvikalýsing:

Þann 21. október 2017 var ísfisktogarinn Sindri VE 60 á leið á veiðar frá Vestmannaeyjum. Veður: NV 6 m/s.

Á siglingu úr höfninni þegar skipið var statt austur af Klettsnefinu taka skipverjar eftir því að flutningaskipið Helgafell er að koma úr Faxasundi á leið til hafnar. Reynt var að ná fjarskiptasambandi við hafnsögumann um borð í Helgafelli en það gekk ekki. Þegar skipstjóri Sindra jók ferð skipsins lá stýri þess yfir í stjórnborða með þeim afleiðingum að hann strandaði í Gjabakkafjöru.

Við rannsókn kom fram:

- að skipstjórnarmenn á Sindra tilkynntu ekki hafnaryfirvöldum um brottför eins og reglur kveða á um;
- að stjórnökin fyrir Sindra voru staðsett bb. megin í brúnni en aðeins einn stýrisvísir var í brúnni, hann staðsettur miðskips og ekki sást á hann þar sem skipstjórinn var staðsettur við stjórnökin. Þetta uppfyllir ekki reglugerð 122/2004 um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd;
- að yfirstýrimaðurinn upplýsti skipstjórnann um stöðu stýrisvísis í beitun;
- að þegar Helgafellið kom óvænt í ljós í Faxasundinu reyndi yfirstýrimaðurinn á Sindra að ná sambandi á VHF rás 12 við hafnsögumanninn um borð þar en það gekk ekki;
- að samkvæmt upplýsingum hafnsögumanns er fjarskiptasamband á þessu svæði stopult;

- að þegar skipstjórinn á Sindra jók ferðina í sundinu var stýrið komið yfir í stjórnborða, skipið var á 7,6 sm ferð áður en það strandaði;
- að tvö botnstykki skemmdust við strandið en engar bolskemmdir;
- að eftir strandið var stýrisvísir settur upp við stjórnstökin bb. megin.

Nefndarálit:

Orsök strandsins er óvarleg sigling Sindra.